

Vormorgun Létt-Lopavesti

STÆRÐIR	XS	(S)	M	(L)	XL
Yfirviðd:	78	(82)	87	(91)	96 cm
Lengd á bol að handvegi:	32	(34)	36	(38)	39 cm

EFNI

Létt-Lopi - 50 g dokkur

A 0051 hvítur	4	(4)	4	(5)	5
B 0054 fölgrár	1	(1)	1	(1)	1
C 1402 himnablár	1	(1)	1	(1)	1
D 1403 lapisblár	1	(1)	1	(1)	1
C 1404 jökulblágrænn	1	(1)	1	(1)	1

Hringprjónar nr 4½, 40 og 60-80 cm langir

Hringprjónar nr 3½, 40 og 60-80 cm langir



PRJÓNFESTA

10 x 10 cm = 18 L og 24 umf slétt prjón á prjóna nr 4½, sannreynið prjónfestu og skiptið um prjónastærð ef þarf.

AÐFERÐ

Bolur og axlastykki eru prjónuð í hring. Umferð byrjar í vinstri hlið á bol en axlastykki vinstra megin á baki.

Perluprjón: 1. *umf:* *1 L slétt, 1 L brugðin*, endurtakið frá *til*.

2. *umf:* *Prj brugðið í slétta L, slétt í brugðna L*, ent frá *til*.

BOLUR

Fitjið upp 140 (148) 156 (164) 172 L með lit A á prjóna nr 3½. Tengið saman í hring og prj 5 umf perluprjón. Skiptið yfir á hringprjón nr 4½ og prj slétt. Setjið merki í hliðar bolsins og takið úr 2 L í hvorri hlið þegar búið er að prjóna 7 cm, 12 cm og 17 cm frá upffit, alls 12 L => 128 (136) 144 (152) 160 L. Aukið út 2 L í hvorri hlið eftir 22 cm, 27 cm og 30 (31) 32 (33) 34 cm frá upffit => 140 (148) 156 (164) 172 L.

Prj þar til bolur mælist 32 (34) 36 (38) 39 cm frá upffitjun.

Prj ekki síðustu 5 (5) 6 (6) 7 L í síðustu umf.

AXLASTYKKI

Fellið af 9 (10) 11 (12) 13 L, prj framstykki 61 (64) 67 (70) 73 L, fellið af 9 (10) 11 (12) 13 L, prj bak 61 (64) 67 (70) 73 L.

Næsta umf: Fitjið upp eins og á bol 44 (45) 46 (47) 48 L (vinstri öxl), prj framstykki, fitjið upp 44 (45) 46 (47) 48 L (hægri öxl), prj bak. Nú eru á prjóninum => 210 (218) 226 (234) 242 L.

Prj perluprjón þar sem fitjað var upp fyrir ofan handveg en áfram slétt prjón á fram og bakstykki, alls 3 umf.

Aukið út um 3 L fyrir ofan handveg:

*Prj 11 (11) 11 (11) 12 L, aukið út um 1 L,

prj 11 (11) 12 (12) 12 L, aukið út um 1 L,

prj 11 (12) 12 (12) 12 L, aukið út um 1 L*.

Prj að hægri handvegi 72 (75) 78 (82) 85 L og endurtakið útaukningar frá *til*. Prj út umf => 216 (224) 232 (240) 248 L.

Prj næst slétt **munstur** og takið úr eins og sýnt er á teikningu. Skiptið yfir á styttri prjón þegar L fækkar. Þegar munstri er lokið eru eftir => 81 (84) 87 (90) 93 L.

